

Föstudaginn 22. mars 1996.

Nr. 116/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 19. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Bragadóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, með óskráð lögheimili, en aðsetur að Hátúni 6, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli dómfellda, sem kveðinn var upp fyrr í dag, getur komið til fullnustu eða þar til dómur Hæstaréttar í máli dómfellda, sem héraðsdómur gekk í 8. desember sl., verður upp kveðinn, en þó eigi lengur en til fimmtudagsins 9. maí 1996 kl. 16.00.

Dómfellda var fyrr í dag gert að sæta fimm mánaða fangelsi vegna þjóf-

aðar og tilraunar til þjófnaðar. Dómfelldi lýsti yfir því við uppkvaðningu dómsins, að hann hygðist nýta sér fjögurra vikna áfrýjunarfrest til að taka ákvörðun um, hvort hann áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar eða ekki. Dómfelldi hefur setið í gæsluvarðhaldi á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 frá 18. febrúar sl., þar til dómur gekk í máli hans fyrir í dag.

Dómfelldi hlaut enn fremur 8. desember 1995 tveggja ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Þeim dómi hefur hann áfrýjað til Hæstaréttar. Sat kærði í gæsluvarðhaldi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 í 70 daga, þar til dómur gekk í máli hans 8. desember sl.

Kærði lét ekki skipast við gæsluvarðhald það, sem hann sætti til 8. desember sl., er hann hlaut dóm fyrir brot, sem eru sams konar og þau, er hann hlaut dóm fyrir fyrir í dag. Þykir þannig rík ástæða til að ætla, að kærði muni, ef hann fer frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan áfrýjunarfrestur vegna dóms þess, sem kveðinn var upp í máli hans fyrir í dag, er að líða og meðan máli hans, sem héraðsdómur gekk í 8. desember sl., er ólok- ið í Hæstarétti. Kærði var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals í júní sl. Þá hefur kærði í þrígang hlotið varðhaldsdóma fyrir brot gegn umferðarlögum, hinn síðasta í október 1993. Þá hlaut kærði dóm fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni 10. janúar sl., þar sem honum var ekki gerð sérstök refsing.

Að öllu þessu virtu þykja vera skilyrði til að taka til greina kröfu ríkis- saksóknara um gæsluvarðhald yfir kærða á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður því kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli dómfellda, sem kveðinn var upp fyrir í dag, getur komið til fullnustu eða dómur Hæstaréttar í máli dómfellda, sem héraðsdómur gekk í 8. desember sl., liggur fyrir, en þó eigi lengur en til fimmtudagsins 9. maí 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli dómfellda frá 19. mars 1996 getur komið til fullnustu eða dómur Hæstaréttar í máli dómfellda, sem héraðsdómur gekk í 8. desember 1995, liggur fyrir, en þó eigi lengur en til fimmtudagsins 9. maí 1996 kl. 16.00.